

Skólaráð Naustaskóla

5. fundur ársins 2016 þann 14. apríl 2016

Mættir:

Skólastjórnendur: Ágúst Jakobsson, Bryndís Björnsdóttir.

Fulltrúar foreldra og grenndarsamfélags: Vaka Óttarsdóttir.

Fulltrúar starfsmanna: Berglind Bergvinsdóttir, Valdís Jósavinsdóttir og Inga Vala Magnúsdóttir.

Dagskrá og afgreiðslur:

1. Innritun nemenda og úthlutun kennslustunda

Farið yfir nemendatölur og hópastærðir. Þessa stundina er útlit fyrir afar litla fjölgun milli ára og frá síðasta skólaráðsfundi hefur borist úthlutun kennslustunda sem miðast við 378 nemendur en ekki 390 eins og gert var ráð fyrir í forsendum fjárhagsáætlunar. Þetta þýddi að endurskoða þurfti niðurröðun í teymi frá síðasta fundi. Stundaskrárdrög hafa einnig verið endurunnin töluvert vegna ábendinga frá íþróttakennurum.

2. Ráðningar starfsmanna og skipan teyma

Farið yfir drög að skipan teyma. Að öllum líkindum þarf að ráða tvo kennara fyrir næsta skólaár. Töluverðar umræður um fyrirkomulag kennslu, kosti og galla við samkennslu árganga o.fl. Nú nálgumst við niðurstöðu varðandi mönnun kennsluteyma fyrir næsta vetur en þá þarf að ræða vel í hverju teymi fyrir sig um skipulag kennslunnar, samkennsluna, verkaskiptingu með tilliti til þess hvort í teyimum eigi að vera stoðkennarar eða eingöngu umsjónarkennarar o.s.frv.

3. Önnur mál

Námsmat í 10. bekk. Rætt um námsmat í 10. bekk í vor. Ábending um að kynna þurfi fyrirkomulagið betur fyrir nemendum og foreldrum en misjafnt er hvernig skólar útfæra námsmatið að þessu sinni þó að allir þurfi að skila því í bókstöfum. Boðað hefur verið til kynningarfundar fyrir foreldra í lok apríl.

Næsti fundur áformaður fimmtudaginn 12. maí.

Ágúst Jakobsson ritaði fundargerð